



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS

Brúðar- búningurinn

Með sögu í farangrinum

9.5.2026
—9.5.2027



Myndverk: Kristjana S. Williams, yfirhönnuður Souhyung Kim (Kristjana S. Williams Studio)

Brúðar- búningurinn

- með sögu í farangrinum

Brúðarbúningurinn sem hér er sýndur er einn merkasti gripur íslenskrar menningarsögu. Hann er varðveittur á safni Viktoríu og Alberts í London sem hefur lánað hann til þessarar sýningar.

Úr búningnum má lesa margar sögur: um handverk, verslun, smekk og samfélagsstöðu á Íslandi undir lok 18. aldar. Í honum mætast gamlar, íslenskar hefðir og erlendir tískustraumar. Líta má á brúðarbúninginn sem ákveðinn hápunkt hefðar sem var um það bil að leysast upp samhliða þeim breytingum sem upplýsingin og iðnbyltingin ollu á Vesturlöndum.

Brúðarbúningar voru ekki aðeins klæðnaður heldur voru þeir tákn um uppruna, samfélagsstöðu og efnahag. Brúður var hlaðin því besta sem fjölskylda hennar átti: útsaumi, innfluttum klæðum og skarti sem oft hafði gengið milli kynslóða. Í einum búningi gátu því sameinast hlutir frá ólíkum tímum, jafnvel gripir sem höfðu áður gegnt allt öðru hlutverki. Herðafestin mikla með krossinum sem fylgir búningnum sem hér er til sýnis er til dæmis að hluta mun eldri en búningurinn sjálfur og var upphaflega kirkjugripur úr kaþólskum sið.

Fjölskyldudjásn

Búningurinn á uppruna sinn hjá Stephensen-fjölskyldunni, einni valdamestu og efnuðustu fjölskyldu landsins á þessum tíma. Ættmóðirin, Sigríður Magnúsdóttir, bar að öllum líkindum hluta skartsins við brúðkaup sitt árið 1761 þegar hún gekk að eiga Ólaf Stefánsson, síðar stiftamtman. Eldri dóttir þeirra, Þórunn Ólafsdóttir, fékk hluta búningsins í heimanmund þegar hún giftist Hannesi Finnssyni Skálholtsbiskupi árið 1780, þá aðeins sextán ára gömul. Síðast var búningurinn í eigu Ragnheiðar, yngri systur Þórunnar, sem bjó á Leirá með eiginmanni sínum, Jónasi Scheving sýslumanni.

Þessi fjölskyldusaga skiptir máli því að búningurinn var ekki kyrrestæður gripur heldur fylgdi fjölskyldunni í gegnum gleði og sorg. Aðeins sex árum eftir að Þórunn bar í það minnsta hluta hans við brúðkaup sitt lést hún úr bólusótt og tveir synir hennar létust í frumbersku.

Ætla má að brúðarbúningurinn hafi fylgt fjölskyldunni á milli stórbýla á Suðvesturlandi, en þau bjuggu meðal annars í Sviðholti á Álftanesi, að Innra-Hólmi, í Viðey og á Leirá. Hlutar búningsins voru notaðir, varðveittir, endurnýjaðir og sýndir; til dæmis var búningurinn dreginn fram þegar erlendir ferðalangar komu í heimsókn. Árið 1789 kom breski ferðalangurinn Sir John Thomas Stanley að Innra-Hólmi og við það tilefni lét Ólafur Stefánsson unglingsdóttur sína Ragnheiði máta

hluta búningsins en tók fram að hún mætti ekki bera hann fyrr en á brúðkaupsdegi sínum. Búningurinn var því ekki aðeins dýrgripur í eigu fjölskyldunnar heldur líka sýningargripur: tákn um stöðu og framtíð ungrar konu.

Brúðarbúningurinn sem hér er sýndur er faldbúningur en undir lok 18. aldar tóku viðhorf til þessarar gerðar búninga að breytast. Magnús Stephensen, bróðir Þórunnar og Ragnheiðar, var áhrifamikill embættismaður og mikilvægur boðberi upplýsingarinnar hér á landi. Hann vildi í anda hennar nútímavæða íslenskt samfélag og hafði litla þolinmæði gagnvart því sem honum þótti gamaldags eða óhentugt. Árið 1798 hvatti hann konur af efri stéttum til að leggja niður faldbúninginn og taka þess í stað upp danskan klæðnað. Honum þótti faldurinn óklæðilegur, sagði hann vera hlægilegan í augum útlendinga og búningurinn hjákátlegt þrjálf. Þannig stóð brúðarbúningurinn á mörkum tveggja tíma: Hann var ákveðinn hápunktur gamallar hefðar en á sama tíma gripur sem sumum þótti tilheyra fortíðinni.

Örlagasumarið 1809

Árið 1809 kom ungur enskur grasafræðingur, William Jackson Hooker, til Íslands. Hann var sendur hingað fyrir tilstuðlan Sir Josephs Banks, forseta Royal Society í London, sem hafði sjálfur ferðast um Ísland árið 1772 og látið gera þekkta mynd af Sigríði Magnúsdóttur í brúðarklæðum. Banks hafði haldið góðum tengslum við

Stephensen-fjölskylduna í gegnum bréfaskipti. Hooker kom til landsins í föruneysi enska sápukaupmannsins Samuel Phelps og samferða þeim var einnig danski ævintýramaðurinn Jörgen Jørgensen. Sumarið varð sögulegt. Phelps lenti í átökum við danska stiftamtmanninn Trampe greifa, sem bannaði Íslendingum að versla við Breta. Phelps lét handtaka hann og Jørgensen tók við stjórn landsins sem sjálfskipaður „hans hágöfgi verndari Íslands“. Þessi skammvinna bylting entist aðeins í tæpa tvo mánuði en hefur lengi lifað í minni Íslendinga sem ævintýrið ótrúlega um Jörund hundadagakonung. Í hugmyndum sem Jörundur setti fram um stjórnskipan landsins má greina bergmál byltingarhugmynda samtímans um þjóð, frelsi og rétt almennings til þátttöku í stjórn eigin lands.

Hooker naut gestrisni Stephensen-fjölskyldunnar og heimsótti Ólaf í Viðey og einnig börn þeirra Sigríðar: Magnús á Innra-Hólmi, Stefán á Hvanneyri og Ragnheiði á Leirá. Honum þótti þetta fólk fágað, vel menntað og skemmtilegt. Magnús talaði ensku, Stefán frönsku og á heimilunum var boðið upp á mat, kaffi, áfengi, súkkulaði, tónlist og söng. Í augum Hooker var íslenska yfirstéttin sannarlega ekki einangruð á jaðri Evrópu heldur í nokkrum tengslum við alþjóðlegan hugmyndaheim og tísku.

Í ferð sinni eignaðist Hooker brúðarbúninginn en heimildir geta þess ekki hvort hann hafi keypt hann eða fengið að gjöf. Ljóst er að Hooker hafði mikinn áhuga á íslenskum klæðnaði og lýsti búningnum nákvæmlega í ferðadagbók sinni.

Hann þekkti íslensku heitin á hlutum hans og þær upplýsingar hefur hann að öllum líkindum fengið frá Stephensen-fjölskyldunni sjálfri. Ferðalag búningsins úr landi varð afar drama-tískt. Þegar skip Hooker lagði af stað til Englands kviknaði eldur um borð og það sökk skammt suður af landinu. Mannbjörg varð, meðal annars fyrir snarræði Jörundar hundadagakonungs, sem var þaulvanur siglingum og var um borð í nærliggjandi skipi. Af farminum bjargaðist fátt, en meðal þess var brúðarbúningurinn og hluti dagbóka Hooker.

Hér á landi var lengi talið að búningurinn hefði farist með skipinu og árið 1866 skrifaði Sigurður Guðmundsson, málari og ástríðumaður um kvenbúninga: „Þettað forst alt fyrir sunnann land 1809 með Enskum. Þessa hluti hefir landið gjörsam lega mist og nú er öll von úti að menn fái her á landi þesskyns hluti jafn góða eða ef til vill synishorn af þesskyns gripum.“ Með flutningi brúðarbúningsins úr landi hófst annað skeið í sögu hans, fyrst í fórum Hooker-fjölskyldunnar og síðar í safni Viktoríu og Alberts í Lundúnum, sem í daglegu tali kallast V&A-safnið.

Fagnaðarfundur

Árið 1963 kom búningurinn aftur í leitirnar þegar Elsa E. Guðjónsson, textíl- og búningafræðingur við Þjóðminjasafn Íslands, rannsakaði íslenskan klæðnað í erlendum söfnum. Hún bar grip sem varðveittur var í V&A-safninu saman við lýsingar Hooker og aðfangabækur safnsins og áttaði sig á

að hinn glataði brúðarbúningur var fundinn. Það var sannkallaður fagnaðarfundur. Búningurinn var lánaður til Íslands 1968-1969 og varð þar miðpunktur sýningar sem vakti aukinn áhuga á sögu og endurgerð íslenskra faldbúninga.

Handverkið í búningnum er ekki síður mikilvægt en saga eigenda hans og örlaga. Pils og svunta eru skreytt marglitum blómstursaumi og talið er víst að þau séu verk Guðrúnar Skúladóttur eða unnin undir hennar handleiðslu. Guðrún var merkasta hannyrðakona Íslands á síðari hluta 18. aldar og meðal annars kölluð „blómstranna móðir“ í erfiljóði. Hún rak vinnustofu í Viðey sem hún nefndi Annryke, vann fyrir sér með saumaskap og kenndi öðrum hannyrðir. Varðveittar samfellur, beltislindi og kragi sýna sama listfengi og nákvæmni og sjá má á brúðarbúningnum.

Brúðarbúningurinn segir margar sögur. Hann segir frá konum sem báru hann, körlum sem vildu hafa áhrif á klæðnað kvenna, erlendum ferðamönnum sem söfnuðu íslenskum gripum og er auk þess til vitnis um framúrskarandi handverk. Þá segir hann ekki síður frá samfélagi þar sem auður og völd söfnuðust á hendur fárra og lífsgæðum landsmanna var misskipt.

Brúðarbúningurinn er mikilvægur menningar-arfur og glæsilegur sýningargripur enda minnir hann okkur á hvernig hlutir geta borið með sér vísbendingar um löngu liðna tíma. Hann kemur með sögu í farangrinum – og sú saga heldur áfram.

Sýningarnefnd

Freyja Hlíðvist Ómarsdóttir Sesseljudóttir
Karólína Stefánsdóttir
Harpa Þórsdóttir
Ágústa Kristófersdóttir
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir

Sýningarstjórn

Freyja Hlíðvist Ómarsdóttir Sesseljudóttir
Karólína Stefánsdóttir

Myndverk

Kristjana S Williams Studio
Kristjana S. Williams
Souhyung Kim, yfirhönnuður

Sýningartextar

Ágústa Kristófersdóttir
Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir Sesseljudóttir
Karólína Stefánsdóttir

Yfirlestur

Embla Ýr Bárudóttir

Ensk þýðing

Anna Yates

Sérfræðingar

Ólóf Bjarnadóttir, regístrar
Sandra Sif Einarsdóttir, forvörður
Þórir Ingvarsson, forvörður
Ívar Brynjólfsson, ljósmyndari
Guðrún Hildur Rosenkjær, sérfræðingur

Markaðsstjóri

Ragnheiður Skúladóttir

Viðburðadagskrá

Helga Vollertsen
Arna Björg Bjarnadóttir

Grafísk hönnun

E&Co
Einar Geir Ingvarsson
Elís Gunnarsdóttir

Ljósahönnun

Hildiberg
Kristján Kristjánsson
Kjartan Óskarsson

Smíði/uppsetning

Verkstæðið ehf.
Pétur Örn Friðriksson
Tonie Zetterström
Bræðurnir Baldursson
Gunnar Örn Gunnarsson
Vilhjálmur H. Ólafsson

*Þjóðminjasafnið þakkar ríkisstjórn Íslands
veittan stuðning við gerð sýningarinnar.*

**Eftirtöldum er þakkað fyrir aðstoð og lán
á munum til sýningarinnar:**

Victoria & Albert Museum, London
Annríki - Þjóðbúningar og skart:
Guðrún Hildur Rosenkjær
Ásmundur Kristjánsson



**ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS**

Þjóðminjasafn Íslands

Suðurgötu 41, 102 Reykjavík
Sími: 530-2200

  @thjodminjasafn
www.thjodminjasafn.is